

43 — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu — um kostnað
28. marz hreppstjóra til embættisbóka og ritfanga Í brjefi frá 1. þ. m. hafið þjer herra sýslu-
maður gjört þá fyrirspurn, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að kostnaður til embættis-
bóka og ritfanga hreppstjóra verði greiddur af hlutadeigandi sveitarsjóði.

Fyrir því vil jeg tjá yður, að með því að það samkvæmt tillögum amtsráðanna
var fyrirskipað í 47. grein hreppstjórareglugjörðarinnar, að embættisbækur hreppstjóra
skuli kostaðar úr sýslusjóði, verður ekki að svo komnu lagt fyrir hreppsnefndirnar að
greiða þenna kostnað, og býst jeg við, að þjer hlutizt til um, að bækur þessar verði
útvegaðar á kostnað sýslusjóðsins handa hreppstjórum þeim, er undir yður eru skipaðir,
að svo miklu leyti, sem þær ekki þegar nú eru til. Aptur á móti er ekkert því til fyrir-
stöðu, að það verði falið hinum einstöku hreppsnefndum að veita hreppstjórum hæfilegt
endurgjald fyrir hinn árlega kostnað þeirra til ritfanga.

44 — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um lán til að
31. marz byggja barnaskóla — Samkvæmt tilmælum yðar herra sýslumaður í þóknanlegu brjefi
frá 4. þ. m. samþykktist hjer með, að hreppsnefndin í Sauðárhreppi fái úr viðlagasjóði
landsins, ef fje verður fyrir hendi, þegar þess er leitað, 1000 kr. lán það til að byggja
barnaskólahús, er sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir veitt samþykki sitt til, að
hreppsnefndin taki gegn 4% ársleigu og með þeim skilmálum, að í vexti og afborgun af
láninu greiðist árlega í 28 ár 6% af hinnu upprunalegu upphæð lánsins.

45 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um fram-
16. apríl færzslusveit lausamanns — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 28. febr. þ. á. meðtók jeg
ítarlegri skýringar viðvíkjandi málinu um endurgjald frá Álptaneshreppi á því, sem
Grímsneshreppur hefir lagt með Ingimundi nokkrum Sturlusyni, er andaðist 5. júlí 1879
eptir að hafa það af sveit frá því á árinu 1870; en með úrskurði yðar frá 18. desbr.
1877, sem báðir hrepparnir hafa áfrýjað, var Álptaneshreppur skyldaður til að endur-
gjalda Grímsneshreppi það, sem á árunum 1876—77 eptir rjettum reikningi hafði verið
lagt með tjeðum þurfamanni og að annast hann eptirleidis.

Ingimundur sá, er hjer ræðir um, var fæddur í Grímsneshreppi 1790, og bjó
þar þangað til í fardögum 1839, þá sleit hann samvistum við konu sína og fluttist með
einu barni þeirra suður á Álptanes, og hefir hann fyrir rjetti skýrt frá, að hann þar
eptir hafi dvalið á 2 heimilum í Álptanesshreppi 19 ár samfleitt sem sjómaður «sjálfs
sín», haft þar eigur sínar, róið á vertíðunum en á sumrin farið í kaupavinnu optast
austur í Biskupstungur. Af hálfu Álptanesshrepps hefur því verið haldið fram, að þessi
dvöl Ingimundar í Álptanesshreppi væri ónóg til að gjöra hann þar sveitlægan, því hús-
bændur þeir, er hann dvaldi hjá, hafi álitíð, að hann ætti heimili fyrir austan, og þar að
auki hafi hann ekki á þessum árum golið neitt til sveitar, kirkju nje prests í Álptaness-
hreppi, sömuleiðis sje hans hvergi getið í húsvitjunarbókum þar í sveit, og loksins hafi hann
aldrei útvegað sjer þar lausamenskuleyfi nje húsmenskuleyfi. En hjer við er að athuga, að
áður en tilsk. 26. maí 1865 náði lagagildi, var ólögleg húsmennska ekki því til fyrirstöðu, að
maður áynni sjer sveit með samfleyttri dvöl í einhverjum hreppi, og þar að auki virðist
Ingimundur fremur að hafa verið lausamaður en húsamaður þau 19 ár, er hann dvaldi í
hreppnum; en orðin «búfastur eða vistfastur» í 6. gr. reglugjörðar 8. janúar 1834 varna